

REGLUGERÐ

um leyfi til váttryggingarstarfsemi og skráningu í váttryggingarfélagaskrá.

I. KAFLI

Umsókn um starfsleyfi.

1. gr.

Hver, sem hyggst reka váttryggingarstarfsemi hér á landi, skal sækja um starfsleyfi.

Leiki vafi á um, hvort sækja þurfi um starfsleyfi skv. lögum um váttryggingarstarfsemi nr. 26/1973 og reglugerð þessari, sker tryggingamálaráðherra úr.

2. gr.

Váttryggingarfélag þau, er eigi starfa samkvæmt sérlögum og hyggjast halda áfram starfsemi sinni eftir gildistöku laga um váttryggingarstarfsemi, skulu fyrir 1. mars 1974 senda tryggingamálaráðherra umsókn um starfsleyfi.

Hafi váttryggingarfélag eigi sent umsókn þá, er um ræðir í 1. mgr. innan þess tíma er þar greinir, falla þann dag niður heimildir þess til þess að taka á sig váttryggingarskuldbindingar og selja váttryggingar.

3. gr.

Váttryggingarfélag þau eða stofnanir, er starfa samkvæmt sérlögum, skulu fyrir 1. mars 1974 senda tryggingamálaráðherra umsókn um starfsleyfi.

Sæki váttryggingarfélag eða stofnun, sem starfar samkvæmt sérlögum eigi um starfsleyfi eða teljist ekki gjaldhæft að mati tryggingaeftirlits, fer um málið skv. 48. gr. l. nr. 26/1973.

4. gr.

Starfsleyfi er bundið við ákveðnar váttryggingargreinar sbr. 6., 7. og 8. gr. og er óheimilt að reka váttryggingarstarfsemi í öðrum greinum en veitt hefur verið leyfi fyrir.

Sérhvert félag eða stofnun, sem leyfi hefur til að reka váttryggingarstarfsemi og hyggst taka upp nýja grein váttrygginga eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, skal sækja um leyfi fyrir hinni nýju starfsemi og senda tryggingaeftirlitinu þau gögn, sem talin eru í þessari reglugerð eftir því sem við á hverju sinni.

5. gr.

Í umsókn sérhvers félags eða stofnunar skal greina eftirfarandi:

- A. Nafn og starfssvæði.
- B. Hverjir skipi stjórn og varastjórn.
- C. Hverjir hafi heimild til að skuldbinda félag eða stofnun.
- D. Hverjir séu kjörnir og/eða ráðnir endurskoðendur.
- E. Nöfn umboðsmanna og sölumanna.
- F. Hverja þörf umsækjandi telji fyrir starfseminu og á hvern hátt hún geti orðið til eflingar heilbrigðri váttryggingarstarfsemi eða til hagsbóta fyrir váttryggingartaka og hina tryggðu, sé sótt um leyfi fyrir nýrri starfsemi.

6. gr.

Félag eða stofnun, sem hyggst reka líftryggingarstarfsemi (frumtryggingar) skal tilgreina í umsókn þær váttryggingargreinar, sem sótt er um leyfi fyrir, samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

A. Frumtrygging.

- a. Einstaklingsbundnar persónutryggingar.
 - 1. Líftryggingar með sparifjármýndun.
 - 2. Áhættulíftryggingar.
 - 3. Sjúkra- og slysatryggingar.
 - 4. Slysatryggingar.
- b. Hóptryggingar.
 - 1. Líftryggingar með sparifjármýndun.
 - 2. Hóplíftryggingar.
 - 3. Hópsjúkra- og slysatryggingar.
 - 4. Hópslysatryggingar.

B. Endurtrygging.

- a. Innlend.
 - 1. Einstaklingsbundnar persónutryggingar.
 - 2. Hóptryggingar.
- b. Erlend.
 - 1. Persónutryggingar.

7. gr.

Félag eða stofnun, sem hyggst reka váttryggingarstarfsemi á sviði skaðatrygginga (frumtryggingar), skal í umsókn tilgreina þær váttryggingargreinar, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

A. Frumtrygging.

- 1. Eignatryggingar.
- 2. Sjótryggingar aðrar en farmtryggingar.
- 3. Flugtryggingar aðrar en farmtryggingar.
- 4. Farmtryggingar.
- 5. Ábyrgðartryggingar ökutækja.
- 6. Ökutækjatrýggingar aðrar en ábyrgðartryggingar.
- 7. Frjálsar ábyrgðartryggingar.
- 8. Slysa- og sjúkratryggingar.
- 9. Aðrar greinar (sundurliðist).

B. Endurtrygging.

- a. Innlend.
 - 1. Persónutryggingar.
 - 2. Skaðatryggingar.
- b. Erlend.
 - 1. Persónutryggingar.
 - 2. Skaðatryggingar.

8. gr.

Félag eða stofnun, sem hyggst reka váttryggingarstarfsemi á sviði endurtrygginga einvörðungu, skal í umsókn tilgreina þær váttryggingargreinar, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

A. Innland endurtryggingarstarfsemi.

1. Persónutryggingar.
2. Skaðatryggingar.

B. Erlend endurtryggingarstarfsemi.

1. Persónutryggingar.
2. Skaðatryggingar.

II. KAFLI

Gögn er fylgi umsókn um starfsleyfi.

9. gr.

Með umsókn sérhvers félags eða stofnunar um starfsleyfi skulu fylgja þessi gögn:

- A. Stofnfundargerð, stofnsamningur og samþykktir félags og reglur, sem stofnun starfar eftir.
- B. Vottorð löggilts endurskoðanda um innborgað hlutafé, stofnfé (ábyrgðarfé) og eigið hlutafé.
- C. Sýnishorn allra váttryggingarskilmála, sem nota á.
- D. Sýnishorn allra iðgjaldaskráa, sem nota á og skýrsla um reiknigrundvöll þeirra með sundurliðun á einstaka þætti (áhættuiðgjald, öryggisálag og kostnaðarálag).
- E. Skýrsla um, hvernig endurtryggingum er háttað, og komi fram hvert sé hámark eigin áhættu.
- F. Reglur um tillög til varasjóða og annarra sjóða svo og um ráðstöfun tekjuafgangs, og hvernig rekstrarhalla skuli mætt.

10. gr.

Með umsókn líftryggingarfélags skulu auk þess fylgja eftirtalin gögn:

- A. Gögn, er sýni hver sé tryggingastærðfræðingur (aktúr) félagsins.
- B. Reiknigrundvöllur iðgjaldasjóðs líftrygginga ásamt reglum um ákvörðun endurkaupsverðs og um verð gjaldfrjálsra trygginga, svo og skýrsla um reikni-grundvöll ágóðaúthlutunar (bónus) til tryggingartaka.

11. gr.

Með umsókn starfandi váttryggingarfélags eða stofnunar sem starfar skv. sér-lögum, að því er varðar þann þátt, sem rekinn er á viðskiptalegum grundvelli, skulu auk þess fylgja eftirtalin gögn:

- A. 5 síðustu ársreikningar, undirritaðir af stjórn með áritun og skýrslu löggilts endurskoðanda, svo og fundargerðir aðalfunda síðustu 5 ára.
- B. Skrá yfir fasteignir, bifreiðar, skip og verðbréfaeign. Fasteignir skulu tilgreindar á kostnaðarverði, fasteignamatsverði, brunabótamatsverði og bókfærðu verði skv. seinustu ársreikningum. Verðbréf skulu tilfærð á nafnverði og bókfærðu verði.
- C. Skrá yfir inneignir hjá viðskiptamönnum, sundurliðað á:
 - a. váttryggingartaka (vangoldin iðgjöld),
 - b. umboðsmenn (vegna ógreiddra iðgjalda),
 - c. umboðsmenn (vegna annarra skulda),
 - d. aðra innlenda aðila,
 - e. erlenda aðila,
 - f. hluthafa.

Nöfn þeirra, sem skulda yfir 100 000.00 kr. skulu tilgreind ásamt fjárhæð.

- D. Skrá yfir skuldheimtumenn aðra en þá, sem eiga váttryggingarkröfur á félagið, sundurliðað á:
- umboðsmenn,
 - aðra innlenda aðila,
 - erlenda aðila,
 - hluthafa.
- Nöfn þeirra, sem eiga inni yfir 100 000.00 kr., skulu tilgreind ásamt fjárhæð.
- E. Skýrsla um á hvern hátt áfallnar en ógreiddar váttryggingarkröfur séu áætlaðar og hvernig iðgjaldsyfirfærslur til næsta árs eru ákveðnar ásamt sundurliðun bótasjóðs og iðgjaldasjóðs í hverri grein, og komi fram hlutur endurtryggjenda.
- F. Skýrsla um rekstrarkostnað.
- G. Skýrsla um verulegar breytingar, sem máli skipta varðandi váttryggingar og rekstur frá gerð síðustu ársreikninga.
- H. Upplýsingar um váttryggingarsamtök, sem umsækjandi er aðili að, þar með talin samtök varðandi samvinnu um iðgjöld og váttryggingarskilmála, ásamt samþykktum þeirra.

12. gr.

Með umsókn starfandi líftryggingarfélags skal auk þess fylgja skýrsla um ávöxtun líftryggingarsjóðs.

13. gr.

Með umsókn erlends váttryggingarfélags um starfsleyfi hér á landi skulu fylgja eftirtalin gögn auk þeirra gagnna, sem talin eru í 9., 10., 11. og 12. gr. og við eiga um starfsemi þess hér á landi.

- Ársreikningar félagsins í heimalandinu síðustu 5 ár undirritaðir af stjórn með áritun löggjills endurskoðanda.
- Vottorð tryggingaæftirlits eða viðkomandi ráðuneytis heimalandsins um, að félagið hafi heimild til að starfa í heimalandinu í þeim greinum váttrygginga, sem sótt er um starfsleyfi fyrir hér á landi og hafi haft slíkt leyfi í a. m. k. 5 ár.
- Skýrsla tryggingaæftirlits heimalandsins um athugasemdir, ef einhverjar eru, sem tryggingaæftirlitið hefur gert við starfsemi þess og rekstur í heimalandinu s. l. 5 ár eða vottorð um að þær hafi engar verið á þessu tímabili.
- Gögn er sanni, hver sé aðalumboðsmaður félagsins hér á landi og hvar atvinnustöð hans sé.
- Vottorð er sanni, að hrein eign félagsins hér á landi nemi eigi minna fé en 10 000 000.00 kr.

III. KAFLI

Meðferð umsóknar um starfsleyfi.

14. gr.

Tryggingaæftirlitið skal kanna umsókn félags eða stofnunar um starfsleyfi og gögn þau er henni fylgja og athuga hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum laga um váttryggingarstarfsemi og reglugerða settra samkvæmt þeim.

15. gr.

Tryggingaæftirlitið skal hafa kynnt sér umsókn starfandi félaga og softnana eigi síðar en 8 mánuðum eftir gildistöku laga um váttryggingarstarfsemi. Félög og stofnanir er tryggingaæftirlitið mælir með, skulu fá starfsleyfi þegar í stað.

16. gr.

Telji tryggingaæftirlitið, að í samþykktum váttryggingarfélags séu ákvæði, er brjóti í bága við ákvæði laga um váttryggingarstarfsemi eða reglugerða settra samkvæmt þeim, en mælir að öðru leyti með því, að félaginu sé veitt starfsleyfi, má veita félaginu starfsleyfi til bráðabirgða í allt að eitt ár til að koma málum þessum í lag. Sama gildir, telji tryggingaæftirlitið, að breyta verði vissum rekstrarlegum eða öðrum atriðum í starfsemi váttryggingarfélags eða gera þurfi sérstaka könnun á vissum þáttum starfseminnar, áður en ákvörðun um starfsleyfi verði tekin. Má starfsleyfi til bráðabirgða vera til allt að tveggja ára í slíkum tilvikum.

17. gr.

Nú kemur í ljós, að hlutafé váttryggingarfélags eða stofnfé gagnkvæms váttryggingarfélags er lægra en gert er ráð fyrir í 6. og 10. gr. laga um váttryggingarstarfsemi nr. 26/1973, en tryggingaæftirlitið mælir samt með því, að félagið fái starfsleyfi, enda sýni fjárhagur félagsins og rekstur, að það sé gjaldhæft og greiðsluhæft, og er þá heimilt að veita félaginu starfsleyfi. Sé þessi leið eigi valin, má veita félaginu bráðabirgðaleyfi og setja það skilyrði, að hlutafé eða stofnfé verði aukið að lögboðnu marki innan ákveðins tíma, sem má vera allt að þremur árum.

18. gr.

Sæki váttryggingarfélag, sem rekið hefur bæði skaðatryggingar og líftryggingar, um starfsleyfi, er heimilt að fengnum meðmælum tryggingaæftirlits, að veita því tveggja ára frest til að breyta starfsemi sinni þannig, að samræmist ákvæðum laga um váttryggingarstarfsemi.

19. gr.

Telji tryggingaæftirlitið, að váttryggingarfélag er ekki starfar samkvæmt sér-lögum, sé ekki gjaldhæft, má veita því sex mánaða frest til að rétta hag sinn. Fái félagið ekki þennan frest eða hafi ekki getað bætt hag sinn á þessum tíma, skal þegar í stað skipa félaginu skilastjórn, sbr. 43. gr. laga um váttryggingarstarfsemi.

20. gr.

Sinni félag eða stofnun ekki tilmælum tryggingaæftirlits um breytingar á skilmálum eða iðgjöldum, sé ekki gjaldhæft eða greiðsluhæft að mati tryggingaæftirlitsins eða brjóti lög eða reglugerðir um váttryggingarstarfsemi, skal tryggingaæftirlit þegar í stað tilkynna tryggingamálaráðherra um málið og gera tillögur um hvað gera skuli, sbr. 43. gr. l. nr. 26/1973.

IV. KAFLI

Váttryggingarfélagaskrá.

21. gr.

Tryggingamálaráðherra heldur skrá, er nefnist váttryggingarfélagaskrá, um öll þau félög og stofnanir, sem heimild hafa til að bjóða váttryggingar hér á landi.

22. gr.

Félög og stofnanir, sem tryggingamálaráðherra hefur veitt starfsleyfi, skulu þegar í stað vera skráð í váttryggingarfélagaskrá og hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá, ef um slíka skrá eru fyrirmæli í lögum.

Aldeiri má félag eða stofnun hefja váttryggingarstarfsemi, fyrr en skráning í bæði váttryggingarfélagaskrá og hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá, svo sem lög segja til um, hefur farið fram.

23. gr.

Til váttryggingarfélagaskrár skal tilkynna eftirfarandi til skráningar þar:

- A. Dagsetningu stofnfundargerðar, stofnsamnings og samþykktta.
- B. Nafn og starfssvæði, lögheimili og varnarþing.
- C. Starfssvið og tilgang.
- D. Váttryggingargreinar.
- E. Skráð og innborgað hlutafé eða stofnfé (ábyrgðarfé) og eigið hlutafé.
- F. Stjórn og varastjórn.
- G. Fulltrúa váttryggingartaka í stjórn váttryggingarhlutafélags.
- H. Nöfn þeirra, er skuldbinda mega félag eða stofnun.
- I. Endurskoðendur.
- J. Tryggingastærðfræðing (aktúar), ef um líftryggingarfélag er að ræða.
- K. Aðalumboðsmann og atvinnustöð hans ef um erlent váttryggingarfélag er að ræða.
- L. Dagsetningu starfsleyfis. Einnig skal skrá bráðabirgðaleyfi og frestun starfsleyfis, sbr. 16.—19. gr.

Tilkynningar til váttryggingarfélagaskrár skulu gefnar á þar til gerðum eyðublöðum, sem tryggingaeftirlitið lætur í té.

24. gr.

Allar breytingar á samþykktum, hlutafé, stofnfé, stjórn, endurskoðendum og þeim, er skuldbinda mega váttryggingarfélag, svo og breytingar á öðru því, er skráð er í váttryggingarfélagaskrá, sbr. 23. gr., skal þegar í stað tilkynna til váttryggingarfélagaskrár til skráningar og má eigi skrá þær í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá fyrr en slíkt hefur verið gert.

Tilkynningum um breytingar skal fylgja endurrit úr viðkomandi fundargerð.

25. gr.

Missi félag rétt til að reka váttryggingarstarfsemi hér á landi, verði gjaldþrota eða því slitið, skal þegar í stað má nafn þess úr váttryggingarfélagaskrá.

26. gr.

Birta skal árlega í Lögbirtingablaðinu skrá um félög og stofnanir, sem í váttryggingarfélagaskrá eru skráð.

27. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða fésektum eða varðhaldi.

28. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 26/1973 um váttryggingarstarfsemi, öðlast gildi 1. janúar 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.